BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 311

# Sigþrúður Inga Guðjónsdóttir

(1908-1984)

# og

# Ólafur Helgi Jónsson

(1905-1973)

## Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 311*

# Sigþrúður Inga Guðjónsdóttir og Ólafur Helgi Jónsson

Formáli

Sigþrúður Inga Guðjónsdóttir fæddist 15.desember 1908 að Bergsstöðum í Reykjavík dóttir hjónanna Maríu Guðmundsdóttur og Guðjóns Gamalíelssonar múrara- og byggingameistara. Sigþrúður lauk prófi frá kvennaskólanum í Reykjavík 1926; 1927-1930 stundaði hún tónlistarnám í Kiel í Þýskalandi og lauk prófi í tónfræðum og píanóleik. Sigþrúður var ritari hjá Eimskipafélagi Íslands 1930-1931. Hún giftist 1931 Ólafi Helga Jónssyni lögfræðingi og forstjóra útgerðarfélagsins Alliance hf. Sigþrúður var í vara- og aðalstjórn BKR - Bandalag kvenna í Reykjavík 1965-1980; hún var félagi í Oddfellow- stúkunni Bergþóru nr. 1. Hún var í Hringnum frá 1951 til dánardags, í varastjórn 1953-1954, meðstjórnandi 1955-1958, ritari 1959-1960, varaformaður 1961 og formaður 1962-1971. Hún átti sæti í viðræðunefnd 1970 um stofnun Geðdeildar Barnaspítala Hringsins. Barnaspítali Hringsins var opnaður 1965 í hennar formannstíð. Hún var heiðursfélagi Hringsins frá 1974. Sigþrúður var kölluð Dúa af sínu fólki. Sigþrúður lést 10.nóvember 1984.

Ólafur Helgi Jónsson fæddist 25. janúar árið 1905 í Reykjavík. Hann var sonur Jóns Ólafssonar, skipstjóra, framkvæmdastjóra og síðar bankastjóra Útvegsbanka Íslands og alþingismanns og Þóru Halldórsdóttur húsfreyju í Reykjavík. Ólafur var forstjóri Útgerðarfélagsins Alliance í Reykjavík frá 1930-1967. Ólafur átti á árunum 1934-1935 mikinn þátt í byggingu síldarverksmiðju á Djúpavík á Ströndum og stofnun Djúpavíkur hf. og forstjóri þess 1937-1967. Hann vann að ýmsum öðrum málum á athafnasviðinu t.d. byggingu frystihúss, verslunarhúss og útgerðaraðstöðu á Drangsnesi við Steingrímsfjörð.

Ólafur var m.a. formaður stjórnar Djúpavíkur frá stofnun þess 1935. Hann var einn af stofnendum Heimdallar og var í fjármálaráði Sjálfstæðisflokksins frá 1942 og til æviloka. Einnig var hann í stjórn Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Lýsissamlags og Samtryggingar íslenskra botnvörpunga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samlags skreiðarframleiðenda, Olíuverslunar Íslands, Smjörlíkisgerðarinnar Ásgarðs hf. Bræðings hf., Togaraafgreiðslunnar hf. og einn af stofnendum Strætisvagna Reykjavíkur hf. og var fyrstu árin í stjórn þeirra. Skipaður í nefnd til að endurskoða gildandi lagaákvæði um atvinnu og siglingar á íslenskum skipum 1938. Í stjórn Vinnuveitendasambands Íslands og í samninganefndum um kaup og kjör togarasjómanna, einnig í samninganefndum 1954, 1956 og 1957 við A - þjóðverja um sölu sjávarafurða.

Ólafur lést 8. október 1973 í Reykjavík. Bjuggu þau að Bergstaðastræti 67 og Flókagötu 33.

Það sem er bundið saman í möppum er raðað samkvæmt upprunareglunni, þar sem það á við.

# Skjalaskrá

**Askja 1**

Fæðingar og skírnarvottorð Sigþrúðar Ingu Jörgínu fædd 15. desember 1908.
Einkunnabók Sigþrúðar í Barnaskóla Reykjavíkur 1920-1921.
Stundatafla Sigþrúðar úr Kvennaskólanum IV. bekk 1925-1926.
Önnur stundatafla úr IV. bekk merkt verslun Haraldar Árnasonar.
Einkunnabækur Ólafs Helga úr Barnaskóla Reykjavíkur 1916-1917 og 1917-1918.
Einkunnabækur Ólafs Helga úr Gagnfræðadeild Reykjavíkur alm.
mentaskóla skólaárin 1919-1921.

Einkunnabækur Ólafs Helga Lærdómsdeild Reykjavíkur alm. mentaskóla 1918-1921.
Vegabréf Ólafs H Jónssonar útgefið 4/7 1921 til eins árs.
Vísnabók sem Sigþrúður fékk gefins á fermingardaginn 6. maí 1923 frá Kristínu Pálsdóttur handskrifuð kveðja fremst í bókinni.
Þrjú bréf til pabba (Ólafs) frá Onna dagsett 22. janúar 1940, febrúar 1940, 21/6 1944, og bréf frá Dúu til Ólafs dagsett 21/6 1944 og kort til Onna frá Lóló.
Dalvísur vorpróf 1. bekkur 1924.
Vísnabók II. bekkur Kvennaskólans 1924-1925
Nafnalisti úr Kvennaskólanum í febrúar 1926 og boðskort.
Sendibréf sem Sigþrúður fékk í 2. bekk Kvennaskólas 1924-1925 og bók með ljóðum.
Mynd af Gunnu Jakk tekin sumarið 1925. Ljósmynd merkt Ella 1927 og önnur merkt Magga 1927.
Ljósmyndafilmur.
Bréf dagsett 1925 frá Gunnu Jakobs, Bíbí, Dísu, Önnu, Möggu og Sellu
Bréf frá Ástu 1925. Kort frá Möllu.
Pestalozzi ungdoms Kalander 1925. Stimplað Almanakssjóður H.Í. ásamt mynd sem tekin var í Dover og ljóði.
Tvö óperuprógröm: Rossini, Wilhelm Tell og Richard Wagner, Tannhäuser.
Handavinna, stafamerking GG, uppdráttur og borði.
Kvittun fyrir peningasendingu send frá Íslandsbanka Reykjavík og stimplað 10.10.1928 Hamburg.
Brúðkaupskort og kvæði sem hjónin fengu á brúðkaupsdaginn sinn 22.september 1931.
Þakkarkort sem Sigþrúður og Ólafur létu útbúa eftir brúðkaup sitt.
Heillaskeyti og kort sem Ólafur fékk á 40 ára afmæli sínu 1945 og Sigþrúður sínu 1948.
Brúðkaupsferð kvittanir fyrir kostnaði.
Bréf og kort frá erlendum vinum 1928-1929.
Myndir frá Dover 1929.
Jólakort aðalega 1948.
Bréf og kort dagsett 1945-1948 frá fjölskyldu og vinum: Mumma (Guðmundur Guðjónsson bróðir Sigþrúðar) , Lillu (kona Guðmundar) , Kristínu Ben Sauðhúsum, Gunnu, Gústu, Þóru.
Umslag merkt Sigþrúði í Kiel með prógrömmum og myndum.
Ljósmyndir af Sigþrúði.
Blævangur.

**Askja 2**

Bréf og kort send Sigþrúði á námsárum hennar í Þýskalandi 1927-1930: Frá mömmu hennar og pabba Maríu og Guðjóni og bræðrum hennar Guðmundi og Oddi.

Bréf og kort frá erlendum vinum og kunningjum 1928-1929.
Jólakort, reikningur og nafnspjöld sem tilheyra Sigþrúði.

**Askja 3**

Bréf og kort send Sigþrúði á námsárum hennar í Þýskalandi 1927-1930 :
Meðal bréfritara eru; Aðalheiður Sæmundsdóttir (Heiða) Vitastíg 11, Gotti (Gotfred Bernhöft), Agla Jakobsen, Milla (E. Þorgeirs Bergstaðarstræti 7), Brynja, Elín Magnúsdóttur, Gróa, Stína, Sigurður Arnalds, Sigurður Skúlason, Ella Páls, Ásta Benjamínsson,Sonja, Ó. Benjamínsson, Lilla (Helga Thorberg), Kidda ( K. Ingvars Hverfisgötu 49), Gunnar G., Ólafur Ólafsson, Fred Zöllner.

Bréf og kort send Maríu Guðmundsdóttur móður Sigþrúðar á árunum 1910-1930.
Meðal bréfritara er heimilisfólkið að Söndum í Dýrafirði María Ísaksdóttir, Þórður Ólafsson, Vilborg Þórðardóttir og Sigurður Þórðarson 1910-1914. Guðlaug Þórarinsdóttir 1903-1914. Aðalheiður Sæmundsdóttir 1928. Elín Magnúsdóttir 1913. Ella 1928.
Guðrún Sveinbjarnardóttir 1933. Halldóra Steinþórsdóttir 1913-1917.
Stína Valdimarsdóttir 1928 og 1929. Sigríður Reykjalín 1912. Bjarni Bjarnason 1914.
Vigdís Steinþórsdóttir 1912-1913. Elísabet Sigurðardóttir 1912. Inga Ingimarsdóttir.
Fríða og Fríða Baldvinsdóttir 1925-1930.
Björg Ísaksdóttir 1911, Soffía 1932, Dúa Ásgrímsdóttir 1933, Páll Helgason, Max Keil 1931. Helga Hannesdóttir 1928, Inga 1929, Guðbjörg Gísladóttir 1925, V Steinsen 1920.

Skeyti sent Guðjóni Gamalíelssyni föður Sigþrúðar frá Jakobi Jónssyni 1924. Jólakveðja frá Guðjóni til Maríu frá 1902.
Kort til Jóns Ólafssonar yngri og Guðjóns Ólafssonar.

**Askja 4**

Bréf send til og frá þeim hjónum aðalega innan fjölskyldu Ólafs Helga 1937-1948.
Bréf til Jóns Ólafssonar föður Ólafs frá Matthíasi Thordarsyni dagsett 2.ágúst 1928.
Ýmis bréf, meðal bréfritara eru:
Jón Thorarensen í Hruna 1933-1940.
Ingólfi Jónssyni Hellu 1938,1943.
Þorsteinn Matthíasson 1934 og 1937. Sigurður Haukdal 1929-1937.
Steingrímur Guðmundsson 1933. Helga Rangval 1929-1939. Pétur Pétursson 1939.
Ólafur Snóksdalín 1932,1933. Oddur (Guðjónsson) 1933. Steinn Guðmundsson 1937.
Sigurþór Skæringsson 1937. Sigurjón Sigurðsson. Sigurður Guðjónsson.
Hermann Schou. Vinnuveitendafélag Íslands. M. Richardsson 1933 Borðeyri.
Knútur Magnússon 1935. Kristinn Benediktsson 1935. Magnús Einarsson 1936.
Páll Stefánsson1936. Kristjón Daðason 1937. Otto B. Arnar 1939.
Oscar Ottesen 1938 og 1939. Matthías Þórðarson 1939.
Jón Hjörleifsson 1933,1937,1938. Jón Árnason 1933, Hrefna frænka 1934.
Guðmundur Markússon 1932,1934. Greipur Guðbjartsson 1939. Eliníus Jónsson
Jón Auðuns 1939. Jón Sigurðsson 1935,1937. Finnbogi Kjartansson 1936.
Jón Jakobsson 1939. Guðmundur Erlendsson1935,1937. Einar Sigurðsson 1937.
Ástvaldur Eydal 1937,1939. Björgvin Vigfússon 1937. H. Kr .Jónsson 1940,1945.
Kristín Benediktsdóttir 1934. A. Runólfsson 1935,1936,1937. (Andrés Runólfsson).
Kristófer Finnbogason, Guðmundur Guðbjartsson 1940. Þórunn R Björnsdóttir 1940.

Skátafélag Reykjavíkur 1944. Þ. Stephensen 1946 Ríkisútvarpið 1944.
Guðmundur Árnason 1944. Carl D. Tulinius & Co hf. Páll Einarsson 1944.
Ragnheiður og Guðmundur skeyti 1944.

Meðal þeirra sem fengu send bréf frá Ólafi eru Helga Thorberg 1938 og Snæbjörn Ólafsson skipstjóri 1934.
Ameríkuferð haustið 1938. Prófórk ætluð fyrir stjórn Samband íslenskra botnvörpuskipaeigenda.
Starfsafmælisræða 25 ára til Arne Kristensen bílstjóra, Þormóðsstöðum við Skerjafjörð.
Ræða vegna komu togarans Jóns Ólafssonar.
Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 100 23.júní 1936 um Stýrimannaskólann í Reykjavík.
Uppgjör fyrir Þverár Veiðifélag 1940. Bréf dagsett 23.12.1940.
Ýmsar hugleiðingar.

**Askja 5**

Ýmis skjöl og þar á meðal uppkast að lögum fyrir Lýsissamlag Íslenskra botnvörpunga.
Skýrsla Ingólfs G. S. Espholin um markaði erlendis fyrir hraðfrystar matvörur 1. ágúst 1934.
Bréf sent Gísla Halldórssyni verkfræðingi 13. september 1934.
Lög Fiskveiðihlutafélagsins Defensor.
Lög Verslunarráðs Íslands 1934.
Eimskipafélag Íslands, skýrsla 1932.
Lög sambands Íslenskra Útvegsmanna.
Bréf dagsett 18. janúar 1938 til stjórnar Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda.
Markaðsskýrsla frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda Reykjavík 10. maí 1936.
Lög um notkun bifreiða. Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927. Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.
Strætisvagnar Reykjavíkur hf. Reikningsjöfnuður 31. desember 1931.
Veðbókarvottorð 1935 og Fasteignamat 1934 af fasteign Strætisvagna Reykjavíkur við Hringbraut 56.
Bréf frá strætisvögnum Reykjavíkur til bæjarráðs dagsett 13.desember 1935.
Lög Strætisvagna Reykjavíkur hf. Bréf til bæjarverkfræðings frá Strætisvögnum Reykjavíkur dagsett 17. janúar 1936.
Afrit af bréfum sem undirrituð eru af Birni Þórðarsyni lögmanni í Reykjavík er varðar Strætisvagna Reykjavíkur hf.
Rekstrar og efnahagsreikningur pr. 31/12. 1933,1934,1935,1936 fyrir Strætisvagna Reykjavíkur hf.
Handskrifuð blöð, tillögur til breytinga á áætlun Strætisvagna Reykjavíkur.
Uppdráttur af Reykjavík og nágrenni ökuleiðir Strætisvagna Reykjavíkur 1932.
Verslunin Nova Reykjavík eigandi Teitur Kr. Þórðarson. Rekstrar og efnahagsreikningur fyrir október 1933 til 31. desember 1939.
Reikningar Verslunarfélagsins Drangsnes 1. október 1933 til 31. desember 1939.
Efnahags og rekstrarreikningur fyrir Drangsnes 1940.
Lög fyrir bókaverslunina Mímir hf. Reglugerð fyrir Ísfiskveiðum togaranna tímabilið 1/6. – 31/12 1935.
Útboðslýsing og verksamningur.
Bréf til Jóns Ólafssonar bankastjóra undirritað af Halldóri Péturssyni dagsett á Bragagötu 21 10.desember 1935.
Lög Slysavarnarfélags Íslands þannig samþykkt á stofnfundi félagasins 29. janúar 1928.
Bréf til Ólafs frá Ásgarði hf. Smjörlíksgerð Nýlendugötu 10 dagsett 23. ágúst 1938, uppkast frá 1936.
Baráttuskrá Kommúnistaflokks Íslands.
Heimilisblaðið Vikan nr. 41, 9. október 1941 sagt frá Djúpuvík og viðtal við Ólaf H Jónsson.
Bréf frá Einari Þorgrímssyni málmfræðingi dagsett 17.febrúar 1938 og úrklippa úr Morgunblaðinu 12. janúar 1938 þar sem er samtal við Einar.
Bréf um sölu á bifreið 29/5 1942 og kaup á bíl 15/2 1943.
Bréf til Ólafs Helga dagsett 24/5 1941 frá Jakobi M Bjarnasyni Þórsgötu 29.

Bréf til Fiskveiðahlutafélagsins Njáls Reykjavík dagsett 5/8 1921.
Bréf til Alþingis 1921 frá Fjélagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda (Jón Ólafsson faðir Ólafs)
Bréf skrifað af Jóni Ólafssyni , bankastjóra til Helga Guðmundssonar dagsett 15/9 1931.
Bréf sem segja frá Stofnsamningi Hlutafélagsins Hraðfrystihúss Steingrímsfjarðar, Steingrímsfirði og stofnfundi 25. janúar 1941.

Bréf frá fundi útgerðamanna 5. ágúst undirskrift dagsett 16.ágúst 1921.
Bréf frá Íslenskum botnvörpuskipaeigendum dagsett 26. apríl 1941.
Bréf dagsett 27. júlí 1937 sent Íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn afrit.
Uppkast af samningi milli T. Kr. Þórðarsonar og Ólafs Helga.
Bréf og jólakveðja frá Guðmundi Gamalíelssyni dagsett 21.12.1938.
Bréf með upplýsingum um Ólaf vegna lögfæðingatals.
Grafskrift um minningarguðþjónustu um skipverjana er fórust með b/v Jóni Ólafssyni einnig úrklippa úr Alþýðublaðinu 8. nóvember 1938.
Grafskrift um minningarathöfn í Dómkirkjunni hinn 3. febrúar 1944 um skipshöfnina á B.V.Max Pemberton sem fórst 11. janúar 1944.
Grafskrift um Kristján Bergsson framkvæmdarstjóra fæddur 29. desember 1884.
Grafskrift um Hjalta Jónsson konsúl fæddur 15. apríl 1869.
Grafskrift um Magnús Sigurðsson bankastjóra fæddur 14. júní 1880.
Grafskrift um Guðmund Halldórsson frá Miðhrauni fæddur 26. febrúar 1871.
Ferðasaga Ólafs og Lofts Bjarnasonar útgerðarmanns í Hafnarfirði er þeir fóru til Bretlands í desember 1946 fyrir tilhlutan samningarnefndar utanríkisviðskipta og útgerðarmanna.
Laus blöð með ýmsum upplýsingum t.d. um utanríkismál, pólitík, fjárlagafrumvarp stjórnarinnar 1928 og margt fleira.
Umslag merkt ýmsir reikningar, gamalt.
Umslag merkt ýmislegt og í því er til dæmis:
Heimdallur lög samþykkt á stofnfundi 1926 með áorðnum breytingum á aðalfundi 1930.
Heill Heimdallur félag ungra sjálfstæðismanna Reykjavík 22/2 1947.
Boðskort frá Ólafi Thors forsætisráðherra og frú til miðdegisverðar í apríl 1946 og svarbréf.
Boðskort í heiðurssamsæti fyrir Magnús Sigurðsson bankastjóra og frú 11. febrúar 1942.
Coctail – klúbburinn, hlutabréf.
Boðskort aldarafmælishátíð Menntaskólans í Reykjavík.

Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda 30. ára 18. janúar 1946 afmælisfagnaður.
Minni Íslands flutt í hófi Útgerðarmanna Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, janúar 1946.
Dagskrá nýársfagnaður haldinn á Hótel Borg 12. janúar 1946.
Dagskrá dansleikur í Oddfellow laugardaginn 4. apríl 1936.
Teikning af flugdreka.
Ljóð um Jón Ólafsson skipstjóra.
Þakkarkort og bréf af ýmsu tilefni.
Karl Guðmundsson skipstjóri og forstöðumaður timburverslunar Slippfélagsins í Reykjavík, fimmtugur.
Bréf og kort til Ólafs til dæmis bréf frá Sigþrúði, Guðmundi Guðjónssyni og staðfesting á að Ólafur var ævifélagi í Blindravinafélagi Íslands, 30.nóvember 1942.
Prógram Tónlistarfélagið 7. hljómleikar 1948-49 W.A. Mozart: Requiem (Sálumessa) apríl 1949.
H. F. Djúpavík. Síldarverksmiðja í Djúpuvík, 3. hæð, teikning í nóvember 1936.

Skráð í nóvember 2007,
Bergþóra Annasdóttir